

Dagskrá Stjórnarfundar 2021 - 2022

Fundur #10

Staður: Teams

Dagsetning: 03.03.2022

Tími: 12.00 – 13.30

12.00 – 12.10	1	Opnun – einn stuttur hringur.
12.10 – 12.15	2	Skýrsla framkvæmdastjóra (AR)
12.15 – 12.30	3	Sýnileikadagur FKA 2022 (ETS, VJ)
12.30 – 12.35	4	Landsbyggðarráðstefna FKA 2022 (ERR, ETS)
12.35 – 12.40	5	Heimasíða, tæknimál, miðlar FKA (KKH)
12.40 – 12.55	6	Aðalfundur FKA 2022(VJ/UEA)
12.55 – 13.00	7	Árskýrsla FKA 2022 (AR, SHP, UEA)
13.00 -13.20	8	Rekstraráætlun 2022 (AR, ETS)
13.20 – 13.25	9	Verkefni stjórnar/FKA síðustu misserin og á næstunni: a. Alþjóðastarf: Women on Top frá Grikklandi í febrúar og CSW í mars (SHP) b. Fræðslunefnd með nýliðakynningu 10. febrúar (AR/SHP)
13.25 – 13.30	10	Önnur mál

Mættar: Edda Rún Ragnarsdóttir (ERR), Elísabet Tanía Smáradóttir (ETS), Sigríður Hrund Pétursdóttir (SHP), Unnur Elva Arnardóttir (UEA) og Vigdís Jóhannsdóttir (VJ) sem og framkvæmdastjóri félagsins Andrea Róbertsdóttir (AR).

Katrín Kristjana Harðardóttir var fjarverandi.

1. Opnun – einn stuttur hringur.

2. Skýrsla framkvæmdastjóra (AR)

- Reikningar eru vel stæðir og á góðum stað. Viðburðahald félagsins hefur gengið vel og eftir áætlunum í uppgjörum hverju sinni. Innheimta hefst í næstu viku og mun Ritari hringja út. Ógreidd félagsgjöld eru 114.
- 16 ára afmæli Suðurlandsdeildar heppnaðist afar vel. Farið var... XXX og fóru XXX margar konur í ferðina þrátt fyrir erfiða færð þann dag.
- Kynningarfundur með konum á Austurlandi gekk vel. Sigríður Hrund fór yfir uppbyggingu FKA, Andrea kynnti starfsemi félagsins og Guðný Birna Guðmundsdóttir fór yfir hvað stofnun deildar á Suðurnesjum hefði gert mikið fyrir svæðið.
- Jafnvægisvog – áframhaldandi samstarf við RÚV staðfest.
- Leiðtogaaauður er með könnun innan sinnar deildar hvort þær vilja vera innan félags eða utan.
- 85 félagskonur eru skráðar á viðburð alþjóðanefndar Alþjóðadaginn 8. Mars nk. Viðburðurinn verður haldinn á Grand hóteli. Kauphöllin Nasdaq OMX mun hringja inn bjöllunni til heiðurs alþjóðadegi kvenna í Hörpu 7. mars. Félagskonur eru hvattar til að mæta.
- Golfferðin er undir öruggri stjórn – uppselt er fyrir byrjendur og vel sótt fyrir lengra komnar golfkonur.
- Fjalladrottningar fara að byrja aftur, um leið og betra færi verður.
- Sýnileikadagur er í fullum undirbúningi og gengur afar vel.
- Fyrirtækjakynningar A-FKA verða haldnar 24. mars 2022.

- k. Vínsmökkunarnámskeið er fyrirhugað hjá FKA Suðurlandi í Skálholti.
- l. Mikið starf er í FKA framtíð og góð aðsókn á viðburði.
- m. Vorferð Atvinnurekendadeildar er áætluð 2.-3. Apríl á Suðurnes.
- n. Landsbyggðaráðstefna FKA er áætluð 28. Apríl – verið er að skoða framkvæmdina.
- o. Afmæli FKA er 9.apríl. Skoða þarf hvort /hvernig eigi að halda upp á afmælið.

3. Sýnileikadagur (ETS)

- a. Undirskrift á deginum er með Arion síðar um daginn.
- b. Mögnuð dagskrá lítur vel út og er á lokametrum.
- c. „Teaserar“ og kynningar eru á leið í loftið á næstu dögum.
- d. Sýn er samstarfsaðili og búið að tengjast tæknilega inn hjá Arion.
- e. Stungið er upp á „spurt og svarað“ fyrir FKA konur þar sem stjórnarkonur og formenn nefnda sitja fyrir svörum.
- f. Mikill kraftur er í sýnileikanefnd og samvinna einstök.

4. Landsbyggðarráðstefnan (ERR / ETS)

- a. Komin dagsetning og staðsetning – annað í vinnslu.

5. Heimasíða og tæknimál. Frestað umræðu – KKH fjarverandi.

6. Aðalfundur (UEA og VJ)

- a. Orkuveitan hýsir aðalfund 4. maí. Fundur um nánara skipulag framundan.
- b. Breytt fyrirkomulag að opna fund 2.maí og loka 4.maí. Þ.a.l. kosning í nokkra daga og hægt að styðja betur við konur sem eru að bjóða sig fram og konur sem eru að kjósa.
- c. Kosið verður rafrænt. Leitað var tilboðs hjá Rafrænar kannanir og kosningar. Stjórn sammála um að halda því samtali áfram.
- d. Koma þarf á kynningu og auglýsa í stjórnarstöður, nefndir, kynning á breytingum á aðalfundi, tímasetningar sem allra fyrst. Sömuleiðis þarf að auglýsa í ábyrgðarstöður aðalfundar svo sem fundarstjóra, ritara, þjónustuvæðing og kjörstjórnar.
- e. Kynning framboða á aðalfundi og hugsanlegar lagabreytingar á sérfundi til að stytta sjálfan aðalfundinn og gefa konum meiri frest að kynna sér framboð og tillögur að breytingum. Td. 19. Apríl.

Tillaga/drög að dagskrá aðalfundar:

Aðalfundur settur 2.maí 2022 í Borgartúni – haldinn í rafheimum.

Dagskrá fundar er:

1. Kosning ritara og fundarstjóra
2. Lagabreytingar
3. Kynning framboða (sér framboðsfundi viku fyrr til að hafa fund stuttan?)
4. Kosning hefst. Lokað verður fyrir frekari framboð að lokinni kosningu um lagabreytingu. (kynna í upphafi – fyrsta verk fundarstjóra).

Fundi frestað til 4.maí kl. 17.00.

Aðalfundur 4. maí 2022 kl. 17 – haldinn í raf & raun.

Veisla og veitingar í boði orkuveitunnar

Dagskrá fundar framh.

Fundarritari tekur fram að kosningu lýkur 17.30 – enn opið fyrir kosningu þangað til.

5. Skýrsla stjórnar (fer skýrsla hópa og nefnda ekki inní skýrslu stjórnar?)

6. Nefndir & deildir – dagskrá vetrarins

7. Reikningur félagsins - framkv.stj.

8. Árgjald

9. Kosning skoðunarmanna

10. Niðurstöður kosningar

11. Önnur mál?

Fundarlok

7. Ársskýrsla FKA 2022 (AR)

- a. Ársreikningur liggur fyrir og tilbúinn til birtingar. Stjórn hefur farið yfir og samþykkt.
- b. Elísabet Tanja gjaldkeri fyrir yfir rekstrarreikninginn á aðalfundi.
- c. Gríðarleg hagræðing í innheimtu. Reikningur stendur vel.

8. Rekstraráætlun (AR)

- a. Rekstraráætlun er klár fyrir árið 2022 og samþykkt af stjórn.

9. Verkefni stjórnar / FKA síðustu misserin og á næstunni: (SH & AR)

a. Alþjóðastarf:

- a. Women on Top frá Grikklandi voru með vefráðstefnu í febrúar – Sigríður Hrund var í panelumræðu. WoT er framhald á samtali frá því haustið 2021. Umræðan gekk afar vel og vakti mikla athygli hjá ráðstefnugestum.
- b. CSW í mars. (Sigríður Hrund og Anna hjá FKA framtíð áheyrnarfulltrúar FKA).
- b. **Fræðslunefnd** var með nýliðakynningu rafrænt 10. Febrúar sl sem gekk mjög vel. Flottar konur bæði mættu og töluðu. Afar gefandi var að hlusta á styrk þeirra kvenna sem eru í félaginu.

10. Önnur mál (AR)

- a. Stjórn ræddi að gera hlé á tímariti FKA. Tillagan var samþykkt af stjórn.